

Nd.

195. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fasteignarskatt.

(Frá minni hlutanum).

Vjer höfum ekki getað orðið meiri hluta nefndarinnar samferða til enda í þessu máli.

Að vísu erum vjer að flestu leyti samþykkir þeim breytingum á þessu frumvarpi og hinum öðrum, sem við það standa í sambandi, er nefndin hefir komið sjer saman um, og þeim búningi, sem þau hafa fengið í höndum hennar, ef frömvörpin annars ættu að verða að lögum.

En þegar til þess kemur, þá getum vjer ekki ráðið háttvirtri deild til þess, að samþykkja sjersfaklega þetta frumvarp.

Skattarnir mundu verða mjög óvinsælir, koma *all-þungt* niður á marga, og afraksturinn þó *verða litill* á móts við þetta, og hinar gagngjörðu breytingar, sem þessu eru samfara frá því, sem nú er og menn eru orðnir vanir við, svo að

auðvelt mundi vera að *afla landssjóði*, ef brýn þörf væri til, álika tekjuauka, með *fyrirhafnarminna* móti og þó minna tilfinnanlegu og óvinsælu.

Að vísu mun nú mega telja, að allar gjalda-álögur sjeu óvinsælar í fyrstu, og sje það ekkert sjerstakt einkenni fyrir þessa. En þess má gæta, að svo mjög skamt er síðan, er landsmönnum var íþyngt með vörutöllslögunum, svo að þeim þykir — ekki með öllu ástæðulaust — að verið sje að elta þá með öllu móti til að auka þeim byrðar, enda hafa þegar komið fram slíkar raddir, auk þess sem þess varð víða vart, þegar er tillögur skattanefndarinnar frá 1907 urðu kunnar, að menn hugðu ilt einkum til fasteignarskattsins, en hafa síðan búist við, að frá því ráði hafi verið horfið, og kæmi það því nú mjög á óvart, að það sje aftur upp tekið og framkvæmt umsvifalaust. Teljum vjer af þessari ástæðu rjett, þótt málið sje fram komið, að láta það ekki verða að lögum á þessu þingi.

Skattarnir mundu, einkum sá er hjer liggur fyrir, leggja tilfinnanlegan byrðarauka á ekki allfáa einstaka menn, sem hvergi nærri færi ávalt eftir gjaldþoli, og kæmi oft þar niður, sem fullkomnir erfiðleikar eru fyrir að sjá sjer og sínum borgið, svo að ekki væri á bætandi. Ætlast er til, að fasteignarskatturinn hvíli á jörðum, húsum og lóðum, þótt þessar eignir sjeu veðsettar fyrir skuldum, svo að þær eru ekki nema að nafninu eign þess, er skatturinn er krafinn af, og verður slíkt að teljast ófæra með öllu. Hins vegar mundu aftur, þar sem slíkar eignir eru í annars manns leigu, eigandinn svo fljótt sem hann gæti koma skattinum öllum af sjer á leigjanda, og hann þá verða beinn skattur á atvinnu leigjandans, auk þess sem hann af henni yrði að greiða tekjuskatt. Jafnframt mundi þetta geta haft rýrandi áhrif á *veðgildi* slíkra eigna, og er það út af fyrir sig mikilsvarðandi.

Tekjuskattinn teldum vjer aftur síður varhugaverðan og mundum geta fallizt á að leiða hann í lög, en þar sem hann stendur í nánú sambandi við fasteignarskattinn og hann einn út af fyrir sig gæfi lítið af sjer, búumst vjer við, að hann að svo stöddu yrði heldur ekki leiddur í lög.

Þá bendum vjer á, að töluverðum erfiðleikum yrði bundið, að láta skattana koma rjettlátlega niður, og að því er tekjuskattinn sjerstaklega snertir, að fá rjett tekjuframtal. Talsverður vandi og tímafrekt og flókið starf mundi hvíla á væntanlegum skattanefndum, svo að vafasamt væri, hve auðveldlega fyndust alstaðar menn, sem væru því fyllilega vaxnir, eða ekki þegar fyrir ofhlaðnir ýmsum öðrum störfum, mörgum lítt launuðum.

Í alt þetta væri þó ekki horfandi, ef það hins vegar aflaði landssjóði tekna, sem stóru munaði. En þar sem allur afraksturinn fram yfir það, sem nú er, er áætlaður innan við 60 þús. kr. á ári, þá svarar það ekki til þess erfiðisauka og óánægju, sem vjer verðum að telja, að skattálagan mundi nú valda. Fyrir landssjóð er auðvitað jafnan þörf og nóg verkefni fyrir tekjuauka. Svo mun verða í ófyrirsjáanlegri framtíð. En varla á það sjer neitt sjerstaklega stað nú, þar sem vörugjaldið mun fara langt fram úr áætlun, og eftir því sem fjárlög liggja fyrir, jafnvel þó að útgjaldahlið þeirra vaxi nokkuð í meðferð þingsins, sem vænta má.

Og þó að ekki yrði nú komist hjá nokkrum slíkum tekjuauka, mundi til þess vera hentugra ráð, sem minni óvinsældum mundi valda, að drýgja afrakstur vörutollslaganna með lágrí hundraðsgjalds viðbót eða endurskoðaðri flokkun og jafnframt nákvæmari og rjettlátari, án þess vjer að þessu sinni ráðum til þess.

Að þessu athuguðu teljum vjer oss komast nær huga og óskum þjóðarinnar með því að ráða háttvirtri deild frá því, að samþykkja frumvarp þetta, og mundu þá hin önnur væntanlega verða að standa og falla með því.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1913.

Kristinn Daníelsson,
(framsögum. minni hlutans).

Halldór Steinsson.

Með fyrirvara,
Tryggvi Bjarnason.